

GJALDSKRÁ

Meindýravarna Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Fyrir þjónustu og útrýmingarefni Meindýravarna Reykjavíkurborgar skal Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald skal innheimt fyrir eyðingu meindýra en þó skal ekkert gjald tekið fyrir eyðingu á músum og rottum. Tímagjald vegna þjónustuverkefna og gjald fyrir akstur skal vera sem hér segir:

Tímagjald	2.500 kr./klst.
Akstur	1.050 kr./ferð.

3. gr.

Fyrir útrýmingarefni skal greiða gjald m.v. innkaupaverð og notað magn efnis ásamt 40% umsýsluþóknun. Verð útrýmingarefna sem framleidd eru af Meindýravörnum Reykjavíkurborgar skal jafnframt innifela tímagjald vegna framleiðslu efnanna.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 18. nóvember 2003.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Pórólfur Árnason.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um gjaldskrá, gjaldskyldutíma og leyfilegan hámarkstíma á gjaldskyldum stöðureitum í Reykjavík.

Borgarstjórn Reykjavíkur ákvað á fundi sínum 6. nóvember 2003 eftirfarandi breytingar á auglýsingu um gjaldskrá, gjaldskyldutíma og leyfilegan hámarkstíma á gjaldskyldum stöðureitum í Reykjavík nr. 312/2000, sem sett er með tilvísan til 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

2. málslíður 1. töluliðs 2. mgr. hljóði svo:
Leyfilegur hámarkstími verði ótakmarkaður.

2. málslíður 2. töluliðs 2. mgr. hljóði svo:
Leyfilegur hámarkstími verði ótakmarkaður.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Reykjavík, 6. nóvember 2003.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Pórólfur Árnason.